

16. gr.

Sérstök gjörðabók skal haldin yfir fundi Fiskimálaráðs. Þar skulu færðar allar fundarsamþykktir og jafnframt stutt skýrsla um það, sem gerist á fundum. Sérhver fulltrúi getur borið fram tillögur um þau mál, sem til umræðu eru. Tillögur skulu vera skriflegar og afhentar formanni, áður en umræðum um viðkomandi dagskrárlíð lýkur. Formaður skal þó gefa fulltrúum nokkurt ráðrúm til samningar tillagna, ef svo ber undir. Formaður sker úr um, hversu haga skuli atkvæðagreiðslu um framkomnar tillögur

17. gr.

Fundur í Fiskimálaráði er ályktunarhæfur, ef helmingur fulltrúa er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum, en tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að fulltrúar rétta upp hönd. Nafnakall skal viðhafa ef þriðjungur mættra fulltrúa krefst þess, og greiða fulltrúar þá atkvæði eftir stafsrófsróð, nema formaður, sem greiðir síðastur atkvæði. Dragist ræður úr hófi, geta fulltrúar stungið upp á því, að þeim sé hætt, og sker fundur úr því umræðulaust.

18. gr.

Formaður getur brugðið út af fundarsköpum þessum og leyft frjálsgri umræður, ef honum virðist það horfa til skýringar á málum og samræmingar á sjónarmiðum fulltrúa. Hann getur jafnan breytt þeirri ákvörðun, ef honum virðist fundurinn fara of óskipulega fram, og frjálsglegar umræður nái þannig ekki tilgangi sínum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti Grundarfjarðar í Eyrarsveit.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest skipulagsuppdrátt af Grundarfirði í Eyrarsveit.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Eyrarsveitar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.